

Ársskýrsla Öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands 2016

1. Stjórn

Í samþykktum hópsins segir að stjórn hans skuli skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum. Samt sem áður hefur stjórnin frá upphafi verið skipuð sex mönnum, utan starfsársins 2014-2015 og má telja þá skipan vera nú orðna venjuhelgaða.

Á starfsárinu 2015-2016 var stjórn öryggishópsins þannig skipuð:

- Hörður Helgi Helgason, Landslögum, formaður hópsins
- Ásgeir Davíðsson, þá hjá Póst- og fjarskiptastofnun en nú hjá Visente Information Security í Svíþjóð
- Ingimar Örn Jónsson, Háskóla Íslands
- Kristján Valur Jónsson, doktor í tölvuöryggisfræðum og CTO hjá Atmo Select
- Sigurður Másson, Advania
- Sturla Þór Björnsson, Advania

2. Starfsemi

Eins og á undanförunum árum voru á starfsárinu haldnir tveir hádegisverðarfundir, auk reglulegra stjórnarfunda en þeir eru opnir öllum meðlimum hópsins. Hádegisverðarfundirnir voru:

- „Menntun og öryggislæsi“, haldinn 11. mars 2015. Á fundinum var lagt út frá nauðsyn lágmarks meðvitundar almennings um öryggishættur og hvernig beri að umgangast upplýsingakerfi þannig að gætt sé öryggis þeirra upplýsinga sem þau hýsa. Var fjallað um að mikilvægi þess að efla þessa meðvitund, sem nefna mætti öryggislæsi. Á fundinum fluttu framsögur Chris Jagger, Company Leader, 2creatEffects, Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri upplýsingasamfélagsins hjá innanríkisráðuneytinu, Þórir Ingvarsson, rannsóknarlögreglumaður, Vera Sveinbjörnsdóttir, innanríkisráðuneyti og Guðni Hauksson, verkefnastjóri sérfræðináms, Promennt.
- „Hvað þarf öryggisstjórn að vita um öryggismál?“, haldinn í samstarfi við faghóp um vefstjórnun, 21. október 2015. Á fundinum var fjallað um hvað vefstjórnar þurfi að vita um varðandi öryggi og hvað þeir geti gert til að stuðla að öruggari vefjum, finna hvaða leiðir eru í boði og hverjir þurfa að koma að málum. Framsögur fluttu Theódór R. Gíslason frá Syndis, Guðbjörg Sigurðardóttir frá innanríkisráðuneytinu, Sveinbjörn Óskarsson frá Advania og Hildur Óskarsdóttir frá Flugfélagi Íslands. Að loknum framsögum stýrði Guðný H. Danivalsdóttir frá Íslandsbanka pallborðsumræðum.

Er óhætt að segja að starf öryggishópsins hafi verið gróskumikið á starfsárinu. Er hópurinn sem fyrr meðal fjölmennustu hópa Ský og fundir hans og uppákomur hljóta jafnan mikla athygli, svo sem fjölmiðla. Á döfinni á nýju starfsári eru að vanda tveir hádegisverðarfundir, auk nokkurra sellufunda, svo sem um vistun gagna í skýjalausnum og um IPv6 og öryggismál.

Reykjavík, 20. febrúar 2016,

f.h. öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands,

Hörður Helgi Helgason, formaður